

Handboltaþlað **Selfoss** Desember 2017



Teitur Örn
markahæstur
á HM U19



Skrautlegt
Evrópuævintýri
Selfyssinga
'94 & '95

Komum
alltaf með
og horfum
á leikina

Áherslur Selfoss
hjá yngri flokkunum



Einstök
tilfinning að
vera inni á
vellingum
með fulla
stúku

Selfyssingar í
atvinnumennsku



Gleðilega hátíð

Íslandsbanki

Við óskum Sunnlendingum gleðilegrar hátíðar og gæfuríks komandi árs, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Kveðja,
starfsfólk Íslandsbanka á Selfossi.

Handboltableið Selfoss

Útgefandi:

Handknattleiksdeild
Umf. Selfoss,
desember 2017.



Ábyrgðarm.: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson

Uppsetning/ritstjórn: Örn Guðnason

Ljósmyndir: Jóhannes Ásgeir Eiríksson,
Örn Guðnason o.fl.

Prentun: Prentmet

Ágæti lesandi

Síðastliðið ár hefur verið okkur í handboltanum gott og nú þegar við gefum út okkar árlega handboltableið þá er ekki úr vegi að fara yfir það liðna og horfa aðeins fram á veginn.

Meistaraflokkur karla jafnaði næst besta árangur sinn í efstu deild á síðasta tímabili þegar þeir lentu í 5. sæti deildarinnar. Síðast þegar það náðist var á gullaldarárunum 1992–1994. Nú þegar deildin er rúmlega hálfnuð þá sitjum við í efri hluta deildarinnar og höfum við því náð að festa okkur ágætlega í sessi í deild þeirra bestu. Liðið er einnig í 16-liða úrslitum í Coca-Cola bikarnum.



Meistaraflokkur kvenna hélt sér uppi í efstu deild á síðasta tímabili eftir að hafa farið í gegnum umspil. Einnig komust þær í „Final Four“ í Coca-Cola bikarnum í fyrsta skipti. Leikmannahópurinn tók töluverðum breytingum í sumar. Margar ungar og efnilegar stelpur hafa komið upp úr yngri flokkum og fengið hlutverk í meistaraflokki. Þegar þetta er ritað stendur liðið í 6. sæti og er í hörku baráttu sem mun standa alveg fram á vor. Liðið er því miður dottið úr leik í bikarnum.

Mikið fjör og mikil stemning hefur verið á leikjum hjá liðunum okkar í vetur og viljum við því hvetja þig, lesandi góður, til að mæta á leiki og styðja vel við bakið á liðunum okk-

ar. Bæði lið okkar eru nánast eingöngu byggð upp af heimafólki og eiga þau skilið að fá góðan stuðning.

Yngri flokkar félagsins halda áfram að gera það gott eins og þeir hafa gert en félagið hefur verið með eitt besta yngri flokka starf landsins mörg undanfarin ár. Nánar er farið yfir yngri flokka starfið hér í blaðinu.

Handknattleiksakademían í FSu hefur aldrei verið fjölmennari en einmitt í vetur. Nú eru rétt um 40 iðkendur í akademíunni en þar fer fram metnaðarfullt starf þar sem boðið er upp á tækniæfingar, lyftingæfingar og fyrirlestra, allt til að auka skilning og getu í íþróttinni.

Stjórn deildarinnar vill þakka öllum þeim sem undanfarið hafa lagt starfinu lið kærlega fyrir þeirra framlag, ekki síst sjálfboðaliðunum sem leggja á sig ómælda vinnu til þess að allt gangi. Starfið er óeigingjarnt og einstakt fyrir deildina. Allir okkar styrktaraðilar eiga einnig miklar þakkir skildar fyrir þeirra framlag til deildarinnar.

Við sjáumst á vellinum í vetur.

Áfram Selfoss!

Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, formaður handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Við styðjum handboltastarfið á Selfossi



STÚDÍÓ STUND
LJÓSMYNDASTOFA



Handboltafjölskyldan í Kjarrhólum 7. Frá vinstri: Guðrún Anna, Alex Leví, Aron Leo og Guðmundur.

„Þegar það eru mót þá komum við alltaf með og horfum á leikina“

Þeir bræður Aron Leo (8 ára) og Alex Leví (7 ára), synir hjónanna Guðmundar Steinþórssonar og Guðrúnar Önnu Lúðvíksdóttur, æfa báðir handbolta með Selfossi. Æfingarnar eru þrisvar í viku, á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum. Á þriðjudögum og fimmtudögum eru þeir í íþróttahúsinu frá kl. 13:00 til kl. 15:30 en á laugardögum æfa þeir frá kl. 9:00 til kl. 10:00. Við spurðum foreldra þeirra nokkurra spurninga um handboltann:

Hvers vegna völduð þið handbolta?

Þeim finnst handbolta mjög skemmtileg íþrótt. Einnig hafa þeir umgengist mikið sterkar fyrirmyndir úr sportinu sem hafa sveikt mikinn áhuga hjá þeim.

Hvernig finnst strákunum á æfingum?

Þeir njóta þess að fara á æfingar og finnst það alltaf skemmtilegt. Þeir mega helst ekki missa af æfingu og ef þeir fengju að ráða þá væru þeir sennilega alltaf uppi í íþróttahúsi.

Hvernig takið þið sem foreldrar þátt?

Við tökum virkan þátt í þessu með strákunum og reynum að vera dugleg að kíkja á æfingar, sérstaklega þó á laugardögum. Eftir æfingar spjöllum við oft um það hvað gert var á æfingunum. Þegar það eru mót þá komum við alltaf með og horfum á leikina.

Hvaða máli skiptir þátttaka og stuðningur foreldra?

Við teljum þátttöku foreldra vera mjög mikilvæga. Hún getur hjálpað börnum að hald-

ast lengur í íþróttum, hverjar sem þær eru.

Hvernig er haldið utan um barna- og unglingsstarfið í handboltanum á Selfossi?

Við erum mjög ánægð með það hvernig staðið er að handboltastarfinu hjá deildinni.

Fylgist þið með meistaraflokkunum?

Við fjölskyldan förum á nánast alla heima-leiki og oft gerum við okkur ferð til Reykjavíkur þegar Selfoss er að spila þar.

Hverjir eru uppáhaldsleikmenn drengjanna?

Aron Leo heldur mikið upp á Hauk Prastarson, Teit Örn Einarsson, Elvar Örn Jónsson og Bjarka Má Elísson. Alex heldur mikið upp á Einar Sværsson, Elvar Örn Jónsson, Teit Örn Einarsson og Bjarka Má Elísson.



Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is

MÁ BJÓÐA ÞÉR CHICAGO MÁLTÍÐ?

+ TVÖFALDUR BEIKONBORGARI MEÐ FRÖNSKUM +

AÐEINS
1.769
KRÓNUR



VIÐ ERUM Á OLÍS, SELFOSSI

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ

NORÐLINGAHLTI
MOSFELLSBÆ

AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMÍ
SKAGASTRÖND

SIGLUFIRÐI
ÓLAFSFIRÐI

DALVÍK
REYÐARFIRÐI

NESKAUPSTAÐ
HELLU

SELFOSSI
HÚSAVÍK



GRILL66.IS



ÓMAR INGI MAGNÚSSON

Selfyssingur Í ATVINNU MENNSKU

Ómar Ingi Magnússon hefur leikið með **Árhus handbold** í dönsku deildinni frá haustinu 2016. Ómar Ingi byrjaði 8 ára að æfa handbolta á Selfossi. Hann var í sterkum árgangi sem m.a. vann Partille Cup 2013. Ómar Ingi spilaði eitt tímabil með meistaraflokkí Selfoss 2013–14 en skipti síðan yfir í Val þar sem hann lék tvö tímabil áður en hann fór til Danmerkur.



en mér hefur hægt og rólega gengið vel. Persónulega finnst mér ég alveg hafa verið að ráða við þetta svona líkamlega frá því að hafa verið í deildinni hér heima. Meðalgæðin úti eru miklu hærrí. Það eru miklu fleiri leikmenn sem eru betri og reyndari. Það er fullt af hörku leikmönnum í dönsku deildinni.

Finnst þér þú hafa bætt þig handboltalega eftir að þú komst út?

Já og þá kannski aðallega frá því að fara úr íslensku yfir í þá dönsku upp á líkamlegan styrk að gera og hvernig maður getur spilað sinn leik. Ég hef bætt mig mikið líkamlega og í tækni auðvitað líka. Það er alls konar tækni sem maður þarf að hafa í huga, ýmis smáatriði sem maður vinnur í á hverjum degi. Það er mjög mikilvægt. Ég er í handboltanum eitt, tvö og þrjú, en er samt líka í skóla þar sem ég er að klára nokkra áfanga.



Hvernig hefur liði Árhus gengið í dönsku deildinni í vetur?

Það voru ákveðin vonbrigði í fyrra en þá varð liðið í níunda sæti og missti af úrlitakeppni. Það var frekar súrt og allir óánægðir með það því tímabilið áður en ég kom hafði liðið lent í öðru sæti. Það gengur betur núna það sem af er tímabili en það á eftir að koma betur í ljós þegar á liður. Ég held að við eigum

eftir að ná betri árangri í ár því við vorum furðu slappir í fyrra.

Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér? Hefurðu sett þér einhver markmið?

Ég stefni á að vera í bestu klúbbum í heimi og einn daginn verður það þannig. Það er markmiðið og draumurinn. Ein af ástæðum fyrir því að ég er í þessu er að mig langar að vera á meðal þeirra bestu. Mig langar að spila topp handbolta allt árið um kring.

Hvað myndirðu ráðleggja krökkum sem eru í akademiunni á Selfossi, svipað og þú varst, að gera ef þau eru að pæla í atvinnumennsku?

Ef þú vilt þetta virkilega og ert að gera allt til að ná þessu þá ertu að fara að ná þessu. Þetta er bara þolinmæði. Ef þú velur þér einhverja leið með því að segja; ég ætla að gera þetta svona, og hver ákvörðun er handbolta-tengd eða tengd markmiðunum þínum, þá nærðu þessu. Þetta er þolinmæði. Þetta kemur á endanum. Það er frábært umhverfi á Selfossi sem ég byggi minn grunn á. Maður er heppinn að vera þaðan með góða þjálfara og góðan hóp af fólki, held ég.

Er ekki öðruvísi umgjörð utan um handboltann hjá þér í Danmörku en var hér heima?

Það eru miklu meiri peningar í þessu, öflugri styrktaraðilar og stærra batteri bara. Það er allt búið að margfaldast um tvo kannski og þá aðallega í tengslum við peninga. En gildir ein samt í aðalatriðum svipuð varðandi handboltann og klúbbinn.

Við styðjum handboltastarfið á Selfossi




Hótel Selfoss
kynnir

*Fjölskyldujólahlaðborð
10. desember
Jólasveinar og skemmtun fyrir börnin*

Borðapantanir í síma 4802500

Við styðjum Umf. Selfoss!!
Starfsfólk Hótel Selfoss



Velkomin á Olís

Við tökum vel á móti þér á Olísstöðvum um allt land og bjóðum góða þjónustu, fjölbreytt úrval bílavöru, gómsætan mat og ýmislegt annað fyrir fólk á ferðinni.



AFSLÁTTUR MEÐ
KORTUM OG LYKLUM



FRÍTT KAFFI MEÐ
KORTUM OG LYKLUM



FRÍTT
WI-FI

Vinur við veginn



**NÚ ERU MÁNUDAGSTILBOÐIN BÆÐI Á
MÁNUDÖGUM OG ÞRIÐJUDÖGUM!**

**STÓR PIZZA MEÐ TVEIMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á ÞÚSUND KRÓNUR!**

Skalli

Sá svalasti í bænum

FACEBOOK.COM/SKALLISELFOSSI
WWW.SKALLI.IS - SÍMI 483 1111



JANUS DAÐI SMÁRASON

Selfyssingur Í ATVINNU MENNSKU

Janus Daði Smárason gekk til liðs við danska liðið Aalborg í byrjun janúar 2017 en þaðan kom hann frá Haukum. Janus Daði byrjaði að æfa handbolta á Selfossi í kringum 10 ára aldurrinn og lék upp alla yngri flokkana. Hann fór til Aarhus 2012 og var þar tvö ár í unglíngakademíu. Hann gekk til liðs við Hauka haustið 2014 og lék með þeim fram í byrjun janúar 2017.



heima, fara til Danmerkur, byrja á bekknum og svo að fá að byrja og spila mikið í úrslitaleikjunum. Það var bara mjög skemmtileg þróun.

Ef þú berð saman deildirnar hér heima og í Danmörku, hver er helsti munurinn? Tempóið er hærra úti. Þar eru líka rosa margir góðir þannig að gæðin yfir heildina á vellinum eru hærra. Líka varðandi „fysikina“ eða líkamsburðina. Þar eru aðeins sterkari karlar eins og við segjum. Danska deildin er samt ekki eins og sú þyska þar sem eru rosa stórir og þungir karlar heldur erum við kannski aðeins sprækari og hraðari. Í Danmörku eru margir tæknilegir og hæfileikaríkir leikmenn. Þannig að þetta er tempóið og líkamlegt atgervi sem munar.

Hvernig er að spila með Aalborg í Evrópu-keppninni? Það er hörku töff. Það er dálítill munur, maður finnur það á milli leikja þegar við erum að spila í dönsku deildinni eða meistardeildinni. Það er svolítill munur á boltanum. Svo er ekkert gefið eftir á mótí þessum stóru liðum eins og Kiel. Maður er alveg barinn í stöppu þegar maður fer inn á línu og dómarrinn dæmir kannski bara frikast. Í Danmörku væri það kannski tvær mínútur. Það er aðal munurinn. Það er meiri harka í Evrópuboltanum.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að fara til Danmerkur í atvinnumennsku? Það er búið að vera stefna hjá mér lengi, mig langaði það mikið. Það var búið að ganga vel heima náttúrulega, ég spilaði með Haukum og við urðum Íslandsmeistarar tvö ár í röð. Svo var það bara þannig að Aalborg heyrði í mér og vildu gera samning. Ég gerði við þá samning og átti samkvæmt honum að klára tímabilið á Íslandi og fara til þeirra um sumarið. Svo vantaði þá mannskap, það var dálítið þunnur hjá þeim hópurinn. Þannig að ég var keyptur í janúarglugganum 2017. Ég kom því til Danmerkur eftir áramótin rétt eftir HM. Það var mjög fínt. Ég þurfti að spila mig aðeins í gang. Svo enduðum við á því að verða danskir meistarar.

Hvernig tilfinning var það? Það gerðist rosalega hratt, frá því að vera



Hvernig er svo að mæta þessum stóru stjörnum eins t.d. Hansen og Landin? Það var kannski smá þæling í fyrstu en ég var á stórmóti í janúar og spilaði við alla þessa stóru karla. Þetta venst um leið og leikurinn byrjar. Þá þælirðu ekkert of mikið í því. Eftir á er svolítið gaman að líta til baka og geta sagt að maður sé farinn að spila á þessu kaliberi. Svo er þetta bara stökkpallur til að bæta sig.

Ef þú hugsar nú til baka þegar þú varst í akademíunni á Selfossi, hvað myndirðu ráðleggja krökkunum þar að gera? Það er mjög mismunandi þróun hjá leikmönnum þ.e. hversu hratt maður verður

góður. Ég tek svona mest út úr því að maður þarf að vera með egóið í lagi. Trúa því virkilega að maður sé góður. Þetta gerist ekki alltaf strax. Sumir eru orðnir rosa góðir 17–18 ára á meðan aðrir verða góðir 21–22 ára. Það er alveg sama hvernig þú ert að standa þig á vellinum á meðan þú æfir eins og skepna og hugsar vel um þig þá veit maður á endanum innst inni að maður verður nógu góður. Þetta er bara þolinmæðisvinna. Á endanum færðu allt til baka sem þú ert búinn að leggja á þig.

Ertu með einhver markmið núna? Mann langar alltaf að verða betri og betri. Ég held að það sé geggjað að spila í „Final-Four“ í meistardeildinni. Ég held að það sé toppurinn þ.e. að vinna meistardeildina. Mann langar líka rosalega að gera það gott með landsliðinu sínu, ná einhverjum árangri með liðinu. Ég held að það sé einstök tilfinning. Annars langar mig náttúrulega alltaf að verða bara betri og betri. Ég held að ég geti alveg orðið ógeðslega góður.

Finnst þér þú hafa verið að bæta þig síðustu misserin? Já algjörlega. Bæði skilningur á spili og eins er maður alltaf að þroskast. Stundum var maður t.d. of ör inni á vellinum. Maður þarf bara að fá að drilla í gegnum þetta. Nú er ég í stóru hlutverki hjá stóru liði og þá fæ ég bara leyfi til að gera mín mistök og læra af þeim. Ég er með mjög góða leiðbeinendur í kringum mig. Ég er í topp aðstæðum núna. Ég er bara mjög bjartsýnn á framtíðina. Því betur sem gengur því mótiveraðri verður maður að ná ennþá hærra. Svo er bara gaman að hafa atvinnu af því að spila handbolta. Það er gaman að það eru fleiri að koma frá Selfossi í þetta. Það er um að gera að njóta þess að koma á Selfoss og æfa með vinunum alveg síðan í 6. flokki á meðan maður getur. Svo er líka gaman að fá að koma og borða mat hjá mömmu og pabba.

Við styðjum handboltastarfið á Selfossi



Vélsmiðja Suðurlands
Selfossi • Gagnheiði 5 • ☎482 1980



DREGIÐ
23. DES.



MILLJÓLA LEIKURINN

10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT GEFA ÞÉR MÖGULEIKA Á AUKAMILLJÓNUM



vikinglotto

EURO
JACKPOT



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



23 heppnir spilarar í Lottó, Vikinglottó eða Eurojackpot vinna eina milljón hver á Þorláksmessu. Þú ferð í pottinn í hvert skipti sem þú kaupir 10 raða miða frá 30. nóv til 18.40 laugardaginn 23. des. Allir áskrifendur eru sjálfkrafa með í pottinum. Nánar á lotto.is

Teitur Örn markahæstur á HM U-19

Tveir leikmenn Selfoss voru í U-19 landsliði Íslands sem tók þátt í heimsmeistaramótinu í Tíblisi í Georgíu í ágúst síðastliðnum. Þetta voru þeir Teitur Örn Einarsson og Örn Östenberg Vésteinsson.

Teitur Örn varð markahæsti leikmaður mótsins með 66 mörk í sjö leikjum, eða 9,5 mörk að meðaltali í leik. Næstmarkahæstur var Killian Villeminot sem skoraði 60 mörk fyrir Frakkland, þar af 13 úr 14 skotum í úrslitaleiknum. Villeminot spilar fyrir franska stórveldið Montpellier.

Teitur Örn lék tveimur leikjum færra en leikmenn liðanna sem urðu í átta efstu sætunum, en Ísland endaði í 10. sæti á mótinu. Teitur varð einnig með efstu mönnum á mótinu í fjölda stoðsendinga. Hann er annar Íslendingurinn sem verður markahæstur á heimsmeistaramóti en

Guðjón Valur Sigurðsson varð markakóngur á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi fyrir 10 árum.

Frakkar urðu heimsmeistarar eftir sigur á Spánverjum í úrslitaleik 28:25. Danir náðu 3. sætinu með eins marks sigri á Króötum 30:29. Ísland lék í B-riðli, ásamt heima-mönnum í Georgíu, Alsír, Þjóðverjum, Chile og Japan.

Úrslit leikja Íslands urðu eftirfarandi:

Ísland – Japan	26:24
Ísland – Chile	27:22
Ísland – Georgía	42:25
Ísland – Alsír	37:27
Ísland – Þýskaland	28:27

16-liða úrslit:

Ísland – Svíþjóð	26:27
------------------	-------

Leikur um 9. sæti:

Ísland – Þýskaland	26:37
--------------------	-------



Leikmenn sem fengu viðurkenningar á heimsmeistaramótinu. Selfyssingurinn Teitur Örn Einarsson er annar frá hægri.



Þú færð jólafatnaðinn og gjöfina hjá okkur



galleri OZONE
AUSTURVEGI 35
SELFOSSI

Æfingatímar yngri flokka handknattleiksdeildar 2017–2018

4. flokkur karla (2002 & 2003)

Þjálfari: Einar Guðmundsson s. 895 2929.

mánudaga	16:30–17:30
þriðjudaga	17:30–18:30
miðvikudaga	16:30–17:30
föstudaga	15:30–16:30
laugardaga	13:30–15:00

5. flokkur karla (2004 & 2005)

Þjálfari: Gísli Felix Bjarnason s. 848 2949.

þriðjudaga	16:30–17:30
fimmtudaga	16:30–17:30
föstudaga	13:45–14:45
sunnudaga	12:00–13:00

6. flokkur karla (2006 & 2007)

Þjálfari: Teitur Örn Einarsson s. 864 9696.

þriðjudaga	15:30–16:30
fimmtudaga	15:30–16:30
laugardaga	12:30–13:30

7. flokkur karla (2008 & 2009)

Þjálfarar: Guðmundur Garðar Sigfússon s. 848 0711 og Teitur Örn Einarsson s. 894 9696.

þriðjudaga	14:30–15:30
fimmtudaga	14:30–15:30
laugardaga	09:00–10:00

8. flokkur karla (2010 & 2011)

Þjálfarar: Guðmundur Garðar Sigfússon s. 848 0711 og Teitur Örn Einarsson s. 894 9696.

þriðjudaga	13:40–14:30
fimmtudaga	13:40–14:30
laugardaga	09:00–10:00



4. flokkur kvenna (2002 & 2003)

Enginn 4. flokkur er starfræktur þar sem fjöldi iðkenda er ekki nægur. Ef áhugi er fyrir að æfa handbolta má hafa samband við Einar yfirþjálfara.

5. flokkur kvenna (2004 & 2005)

Þjálfarar: Hrafnhildur Hanna Prastardóttir s. 847 3909 og Perla Ruth Albertsdóttir s. 866 7924.

mánudaga	15:30–16:30
miðvikudaga	15:30–16:30
föstudaga	14:30–15:30
sunnudaga	11:00–12:00

6. flokkur kvenna (2006 & 2007)

Þjálfarar: Hrafnhildur Hanna Prastardóttir s. 847 3909 og Perla Ruth Albertsdóttir s. 866 7924.

mánudaga	14:30–15:30
miðvikudaga	14:30–15:30
sunnudaga	10:00–11:00

7. & 8. flokkur kvenna (2008–2011)

Þjálfarar: Guðmundur Garðar Sigfússon s. 848 0711 og Teitur Örn Einarsson s. 894 9696.

mánudaga	13:40–14:30
miðvikudaga	13:40–14:30
laugardaga	10:00–11:00

KFC

ALGJÖR KLASSÍK!



KJÚKLINGABITAR

Kjúklingabitarnir sem Sanders ofursti fullkomnaði árið 1940 og komu KFC á kortið. Klassískir og standa alltaf fyrir sínu.

Kryddaðir með 11 mismunandi kryddum og jurtum og steiktir til gullinnar fullkomnunar. Óviðjafnanleg blanda!



**SVOO
GOTT**



HIN EINA OG SANNA KONFEKT TERTA

GÓMSÆT & SÍGILD FRÁ KJÖRIS



KOMINÍ
VERZLANIR



Yngri flokkarnir

- Hvað einkennir yngri flokka starfið á Selfossi? • Hvað þarf til að byggja upp og ná góðum árangri?

Barna- og unglíngastarf handknattleiksdeildar Selfoss hefur um árabil verið mjög öflugt. Selfoss hefur undanfarin 15 ár ávallt verið á meðal fremstu félaga hvað varðar iðkendafjölda og árangurinn hefur verið glæsilegur. Markmið félagsins er að vera með lið á meðal fimm bestu í hverjum aldursflokk. Undanfarin ár hefur það markmið oft náðst og því má með sanni segja að Selfoss sé stórveldi í yngri aldursflokkunum.

Einar Guðmundsson

hefur árum saman borið hitann og þungann af starfinu sem þjálfari fjölda handboltaflokka og sem yfirþjálfari yngri flokka.

Einar var spurður hvað skapi félaginu þessa sérstöðu og hvað sé verið að gera vel.

„Við höfum verið svo lánsóm að haldast vel á þjálfurum, stjórnarfolki og sjálfbodaliðum. Okkur gengur vel að vinna saman þannig að við höfum haldið miklum gæðum í þjálfun og í starfinu í heild. Við höfum sett okkur afreks- og gæðastefnu sem við vinnum eftir þar sem markmiðið er að allir bæti sig og fái verkefni við hæfi. Eftir að við jukum gæðin á æfingum og í keppni fjölgaði iðkendum og það er samasemmerki þar á milli. Þau lið sem ná bestum árangri eru oft með flesta iðkendur. Það er ekki þannig að þeir sem eru ekki endilega bestir í sínum flokki verði útundan eða hætti vegna þess að það séu of miklar kröfur gerðar, heldur þvert á móti. Það er mjög mikilvægt að vinna eftir því að allir eigi að fá að njóta sín en jafnframt að sinna sinni íþrótt vel, öðruvísi verða ekki framfarir.“

Hvaða árangri höfum við verið að ná undanfarin ár í barna- og unglíngastarfinu?

„Ég hef ekki tölu á þeim fjölda titla sem við höfum unnið undanfarin ár og áratugi. Þetta eru yfirleitt 3–5 Íslands- og bikarmeistararitlir á hverju ári. Ég legg samt áherslu á að við

megum ekki taka því sem sjálfsgöðum hlut að við vinnum titla. Við eigum líka að horfa á þessa litlu sigra þegar einstaklingur nær með aga og vinnusemi að bæta sig og við sjáum framfarir. Það eru stærstu sigrarnir, að taka þá í hópi sem stefnir í sömu átt og takast á við vinnu, samspil, erfiðleika og gleði. Það sem börn og unglíngar fá út úr þátttöku í íþróttastarfi er ekki mælt í fjölda titla heldur frekar í því þegar menn horfa til baka og hugsa; „hvað stóð upp úr?“ Þá er mikilvægara að hafa tilheyrt hópi af jafnöldrum sem höfðu sömu áhugamála og fengu tækifæri til að þroskast saman og takast á við áskoranir. Það skilar okkur betri einstaklingum og er höfuðmarkmið þátttöku í íþróttastarfinu.“

Skiptir aðkoma/þátttaka foreldra miklu máli?

„Foreldrar gegna sem betur fer alltaf stærra og stærra hlutverki í íþróttaiðkun barna og unglínga. Ég sé flesta foreldra fylgja börnum sínum vel eftir, mæta á fundi, taka þátt í fjáröflunum og styðja börnin á jákvæðan hátt á æfingum og í leikjum. Það skiptir mjög miklu máli, fyrir börnin að hafa foreldrana með og fyrir deildina að hafa stuðning þeirra“

Hvaða áherslur eru helst hjá deildinni varðandi þjálfunina?

„Við æfum mikið í litlum hópum, spilum mikið 3 á 3 og 4 á 4 og 2 á 2. Það er algjört lykilatriði að allir séu virkir á æfingum þannig að allir fái sem mest út úr hverri æfingu. Við höfum lagt áherslu á hraðan leik og mikinn takt í sóknarleik. Allir þjálfarar vinna eftir þessari sömu hugmyndafræði og þannig kemst á samfella í starfinu.“

Það er mikilvægt að félagið ali upp þjálfara og að sú kunnátta sem er fyrir hendi nýtist sem best á milli manna. Þannig getur orðið til ákveðinn bragur yfir liðinu og leik þess. Ég er ánægður þegar ég heyrir að það sé Selfoss-handbragð á leiknum þar sem einkenni okkar og áhersluatriði skína í gegn í leik liðsins. Það



Við eigum líka að horfa á þessa litlu sigra þegar einstaklingur nær með aga og vinnusemi að bæta sig og við sjáum framfarir. Það eru stærstu sigrarnir.

Einar Guðmundsson

gerum við meðal annars með því að samræma þjálfun í gegnum yngri flokka og upp í meistaraflokk. Þá þurfa allir að ganga í takt og leika eftir sömu hugmyndafræði.

Undanfarin hafa komið upp úr yngri flokka starfinu á Selfossi nokkrir einstaklingar með mikla hæfileika sem leikstjórnendur. Hver er þín skýringin á því?

„Það sem mér finnst, öðru fremur, einkenna þá leikmenn er að þessir leikmenn hafa afburða leikskilning. Sem gamall leikstjórnandi er ég mjög ánægður með það. Þar kemur fram þessi ákefð á æfingum, margar ákvarðanatökur á hverri æfingu og skýr fyrir-mæli um það hvernig við ætlum að spila og gera hlutina.“

Hvað þurfum við að gera til að ungu leikmennirnir okkar haldi tryggð við félagið og fari ekki í félögin á höfuðborgarsvæðinu?

„Við höfum sett kraftinn í yngri flokka starfið undanfarin tíu til fimmtán ár en því miður höfum við mátt sjá marga efnilega og góða leikmenn ganga til liðs við önnur lið af því að þeir vildu ná lengra en þeir töldu sig geta með meistaraflokki Selfoss. Vonandi er það að breytast um þessar mundir. Það er okkar stefna að byggja upp lið á heimamönnum og nú þarf að búa til betri umgjörð um meistaraflokk þannig að við séum ekki í því hlutverki að ala upp leikmenn fyrir önnur félög. Nánast allir leikmenn meistaraflokksliðsins á þessu keppnistímabili eru uppaldir innan handknattleiksdeildar Selfoss,“ segir Einar.




Selfoss – Meistaraflokkur kvenna 2017-2018



5 - Viviann Petersen
Markmaður - 21/05/1991




12 - Þórdís Erla Gunnarsd.
Markmaður - 28/06/1983




16 - Dröfn Sveinsdóttir
Markmaður - 04/02/1999




1 - Elva Rún Óskarsdóttir
Leikstjórnandi - 03/06/2000



3 - Hulda Dís Þrastardóttir
Leikstjórnandi - 08/10/1997




4 - Hrafnhildur Hanna Þrastard.
Leikstjórnandi - 14/05/1995




7 - Katrín Erla Kjartansd.
Vinstri skytta - 07/12/2001



8 - Krístrún Steinþórsdóttir
Vinstri skytta - 28/05/1994




9 - Rakel Guðjónsdóttir
Vinstra horn - 12/01/2001




11 - Agnes Sigurðardóttir
Vinstra horn - 14/09/2001




17 - Arna Kristín Einarsd.
Vinstra horn - 21/05/1996



19 - Katla María Magnúsd.
Vinstra horn - 16/09/2001



20 - Þuríður Guðjónsdóttir
Vinstri skytta - 20/02/1996




21 - Elín Krista Sigurðard.
Hægri skytta - 19/08/2001




24 - Harpa Sólveig Brynjarsd.
Vinstri skytta - 15/04/1997




29 - Ída Bjarklind Magnúsd.
Vinstri skytta - 29/08/1999



30 - Katla Björg Ómarsdóttir
Vinstra horn - 30/12/1998




33 - Sólveig Erla Oddsdóttir
Leikstjórnandi - 30/04/2001



37 - Sigríður Lilja Sigurðard.
Línumaður - 10/07/2001



50 - Perla Ruth Albertsdóttir
Línumaður - 21/09/1996



Örn Þrastarson
Þjálfari - 01/05/1991



Rúnar Hjálmarsson
Aðstoðarþjálfari - 23/04/1987



Jósef Geir Guðmundsson
Liðsstjóri - 24/07/1978



MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI






Meistaraflokkur Selfoss – Ólís-deild karla 2017-2018



Meistaraflokkur Selfoss – Olís-deild kvenna 2017-2018


Selfoss – Meistaraflokkur karla 2017-2018




1 - Helgi Hlynsson
Markmaður - 01/06/1991



88 - Sólvi Ólafsson
Markmaður - 29/05/1995




2 - Guðjón Ágústsson
Hægra horn - 01/11/1996




3 - Hergeir Grímsson
Vinstra horn - 25/02/1997




5 - Guðni Ingvarsson
Línumaður - 15/07/1986




7 - Árni Geir Hilmarsson
Vinstra horn - 18/04/1993




8 - Richard Sæþór Sigurðsson
Vinstra horn - 27/09/1997



9 - Elvar Örn Jónsson
Leikstjórnandi - 31/08/1997




10 - Sverrir Pálsson
Vinstri skytta - 26/01/1994




11 - Árni Steinn Steinþórsson
Hægri skytta - 03/12/1991




13 - Atli Ævar Ingólfsson
Línumaður - 06/05/1988




14 - Teitur Örn Einarsson
Hægri skytta - 23/09/1998




20 - Guðjón Baldur Ómarsson
Hægra horn - 11/02/2000




24 - Einar Sverrisson
Vinstri skytta - 07/05/1992




25 - Haukur Þrastarson
Leikstjórnandi - 14/04/2001




26 - Eyvindur H. Gunnarsson
Línumaður - 24/08/1988




33 - Alexander Már Egan
Hægra horn - 09/03/1997



44 - Sigurvin Jarl Ármannss.
Hægra horn - 18/10/1996



Patrekur Jóhannesson
Þjálfari - 07/07/1972



Þórir Ólafsson
Aðstoðarþjálfari - 28/11/1979



Grímur Hergeirsson
Aðstoðarþjálfari - 04/06/1969



Jón Birgir Guðmundsson
Sjúkraþjálfari - 09/03/1967





TORO.

Traustur kostur.

Toro snjóblásarar

Afkastamiklir snjóblásarar frá Toro.

SnowMaster® 724 ZXR CE
„stóri“



Verð kr
154.900
m. vsk

Power Max® 726 OE
„stærri“



Verð kr
209.900
m. vsk

Power Max® 1028 OXHE
„stærsti“



Verð kr
349.900
m. vsk

 **JÖTUNN**
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Þökkum viðskiptin á árinu
Gleðileg jól og farsælt komandi ár
Toyota Selfossi





Evrópuævintýri

Skrautlegt

Karalið Selfoss tók í fyrsta skipti þátt í Evrópukeppni bikarhafa í handknattleik haustið 1993. Sú þátttaka varð heldur betur eftirminnileg og margir sem minnst hennar fyrir margra hluta sakir. Upp úr stendur að árangurinn var hreint út sagt frábær en liðið var aðeins einu marki frá því að komast alla leið í fjögurra liða úrslit. Haustið eftir eða í október 1994 tók Selfossliðið þátt í Evrópukeppni félagsliða en var slegið út í fyrstu umferð.

Hér verður gerð stutt grein fyrir Evrópu-leikjum Selfoss-strákanna í gullaldarliðinu svokallaða en alls léku þeir átta Evrópuleiki við fjögur lið þessi tvö ár.

Evrópukeppni bikarhafa 1993

Selfoss tók þátt í Evrópukeppni bikarhafa haustið 1993. Liðið öðlaðist keppnisrétt fyrir Íslands hönd með því að verða í öðru sæti í Bikarkeppni HSÍ en liðið tapaði úrslitaleiknum fyrir Val 24:20. Þar sem Valsmenn urðu einnig Íslandsmeistarar þetta ár varð það hlutskipti Selfoss að taka þátt í Evrópukeppni bikarhafa og Vals í Evrópukeppni meistara-liða.

1. umferð – HC Bauska Riga

Selfyssingar fengu litháenska liðið HC Bauska frá Riga í 1. umferð (32-liða úrslit). Báðir leikirnir fóru fram í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi, sá fyrri laugardaginn 25. september og sá síðari daginn eftir, sunnudaginn 26. september. Fyrri leikurinn var heimaleikur Selfoss en sá síðari útileikur.

Selfyssingar unnu fyrri leikinn 32:22 en töpuðu þeim síðari 30:24. Liðið komst áfram í 2. umferð með betri samanlagða markatölu 56:52.

Fyrri leikurinn

Á íþróttasíðu Morgunblaðsins segir að Selfossliðið hafi haft verulega yfirburði í fyrri leiknum. Þar segir: „Oliver Pálmason átti stórleik en segja má að hann hafi farið með aðalhlutverkið í leik liðsins eftir að Sigurður Sveinsson meiddist um miðjan fyrri hálfleik og gat ekki verið meira með. Leikur Lettanna var í molum og sigurinn næsta auðveldur.“ Í DV segir: „Í fyrri leikum áttu Lettarnir ekkert svar við stórleik Olivers Pálmasonar en hann skoraði 8 mörk og fyllti skarð Sigurðar Sveinssonar vel. Vörn Bauska var mjög slök og Selfyssingar nýttu sér það vel. Gústaf var drjúgur í fyrri hálfleik og Hallgrímur Jónasson sýndi góða takta í markinu.“

Mörk Selfoss í leiknum skoruðu Oliver Pálmason 8, Gústaf Bjarnason 7, Einar Gunnar Sigurðsson 6, Einar Guðmundsson 4, Sigurjón Bjarnason 3, Jón Þórir Jónsson 2 og Sigurður Sveinsson 2. Hallgrímur Jónasson varði 9/1 skot.

Síðari leikurinn

Í seinni leiknum snerist dæmið algjörlega við. Í Morgunblaðinu segir: „Leikur Lettanna í fyrri leiknum var eins og hjá skólaliði á móti því hvernig þeir léku í síðari leiknum. Þá sýndi liðið sterkan leik. Liðið lék framarlega sem truflaði Selfyssingana verulega.“ Í DV segir: „Lettar voru með vænlega stöðu í hálfleik í gær og höfðu 7 marka forskot, 18:11. Einar [Þorvarðarson, þjálfari] hefur örugglega þrugað vel yfir sínum mönnum í leikhléinu og með baráttu hleyptu Selfyssingar Lettum ekki lengra. Gústaf Bjarnason lék best í Selfossliðinu í gær.“



Mörk Selfoss skoruðu: Gústaf Bjarnason 8/2, Einar Gunnar Sigurðsson 5, Jón Þórir Jónsson 4, Oliver Pálmason 3, Sigurpáll Árni Aðalsteinsson 2, Sigurjón Bjarnason 1 og Einar Guðmundsson 1. Gísli Felix Bjarnason varði 6 skot og Hallgrímur Jónasson 4.

Í DV hafði Einar Þorvarðarson eftirfarandi um leikina að segja: „Þetta er Selfossliðið, rosalegar sveiflur. Lettarnir spiluðu reyndar langt undir getu á laugardaginn og okkar herbragð að spila „agressívt“ á þá heppnaðist. Þeir unnu hins vegar sína heimavinnu vel auk þess em við misstum Sigurð. Ég er ánægður með að við sýndum karakter í síðari hálfleiknum og náðum að vinna hann, en fyrri hálfleikur var ófyrirgefanlegur.“

Þess má geta til fróðleiks að HC Bauska tók þátt í Evrópukeppni bikarhafa árið eftir og var þá slegið út af spænska liðinu Juventud Alcala.

2. umferð – Istraturist Umag

Í annari umferð (16-liða úrslitum) dróst Selfoss á móti króatíska liðinu RK Istraturist Umag. Fyrri leikurinn fór fram í Króatíu 30. október en sá síðari á Selfossi 6. nóvember. Króatarnir unnu fyrri leikinn 25:18 eða með 7 mörkum. Selfoss vann seinni leikinn 29:21 eða með 8 mörkum og því samanlagt 47:46. Vítakast Sigurðar Sveinssonar á lokasekúndunum réði úrslitum.

Fyrri leikurinn

Í Morgunblaðinu er haft eftir Einar þjálfara að þetta hafi verið lélegasti leikur Selfoss frá upphafi og að lykilleikmennirnir hafi brugðist algjörlega. „Ég hefði sætt mig við fjögurra marka ósigur. Það verður erfitt að vinna sjö mörk upp, en þó ekki útilokað. Maður hefur séð ýmsar sveiflur í handknattleiknum.“ Hann segir enn fremur: „Við erum ákveðnir að gera betur í seinni leiknum, en nú fáum

við tækifæri til að skoða leik Umag betur á myndbandi. Liðið leikur hægan og árangursríkan handknattleik – leikmenn liðsins gefa sér góðan tíma í sókninni. Það er sama með þá og okkur – þeir eru að taka þátt í sinni fyrstu Evrópukeppni. Í fyrstu umferð lagði Umag lið frá Griklandi að velli. Vann stórt heima, en tapaði með fimm mörkum úti, sem sýnir okkur að liðið er ekki ósigrandi.“ Umag var alltaf með yfirhöndina í leiknum. Þeir skoruðu fyrstu tvö mörk leiksins og komust í 4:1, 9:5, 11:6 en staðan í hálfleik var 13:7. Sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik: 16:9, 17:12, 19:13, 21:14, 22:15 og lokatölur 25:18.

Mörk Selfoss í leiknum skoruðu: Sigurpáll Árni 6, Sigurður Sveins 3, Sigurjón 3, Jón Þórir 3, Einar Gunnar 1, Gústaf 1 og Einar Guðmunds 1.

Síðari leikurinn

Erfitt verkefni beið Selfyssinga á síðari leiknum og þóttu frekar litlar líkur á að heimamönnum tækist að vinna upp svo mikinn markamun. Eigi að síður var troðfullt hús á Selfossi þegar Umag kom þangað í heimsókn og lék seinni leikinn 6. nóvember.

Í DV sagði Sigurður Sveinsson eftirfarandi eftir leikinn: „Leikurinn var afskaplega skemmtilegur og áhorfendur stórkostlegir. Það er virkilega gaman að spila undir svona stemningu og hlýtur að vera draumur hvers íþróttamanns.“

Það var Siggi Sveins sem kom Selfyssingum í 8-liða úrslit þegar hann skoraði úr vítakasti á síðustu sekúndum leiksins og tryggði 8 marka sigur 29:21. Í DV segir að atburðarásin á lokamínútu leiksins hafi verið hreint út sagt reyfarakennd. „Hallgrímur Jónasson varði af línu frá Króötunum þegar hálf mínúta var eftir og Selfyssingar fengu botann. Einar Gunnar Sigurðsson reyndi skot þegar 10 sekúndur voru eftir, króatíski markvörðurinn varði en Einar Guðmundsson náði frákast-

inu og fiskaði víti. Sigurði brást ekki bogalistin á vítalínunni og leikmenn Selfoss og áhorfendur ærðust af fögnuði. „Þetta var alltaf mark, það var ekki spurning!“ sagði Sigurður eftir vítakastið.“

Um leikinn segir DV að Selfyssingar hafi ekki náð að stilla saman strengi sína í fyrri hálfleik. Þeir höfðu þó tveggja marka forystu 14:12 í hálfleik. Seinni hálfleikinn byrjuðu þeir með látum og spiluðu jafnframt mjög góða vörn. Með góðum stuðningi áhorfenda breikkaði bilið og Króatarnir virtust hreinlega fara á taugum. Lokamínúturnar urðu svo æsispennandi og að markvarsla Hallgríms hafi þar vegið þungt.

„Það sem skilaði okkur sigri var að Sigurður átti stórleik og raunar allt liðið. Útfærslan á varnarleiknum tókst vel, okkur tókst að koma þeim úr jafnvægi og unnum taugastríðið.“ sagði Einar Þorvarðarson við DV að leikslökum.

Mörk Selfoss skoruðu: Sigurður Sveins 10/1, Sigurpáll Árni 5/4, Jón Þórir 5, Sigurjón 3, Gústaf 3 og Einar Gunnar 3. Hallgrímur varði 10 skot í leiknum.

8-liða úrslit – SC Pick Szeged

Mótherjar Selfoss í 8-liða úrslitunum voru SC Pick Szeged frá Ungverjalandi. Líkt og Selfoss var lið Ungverjanna í 8-liða úrslitinum ekki bein leið. Í fyrri leiknum í fyrstu umferð steinlágu þeir á útivelli gegn Swetotechnik Brovary frá Úkraínu 29:17. Seinni leikinn unnu þeir á heimavelli 30:17 og komust því áfram á einu marki 46:47. Í annari umferð mættu þeir BK 46 Karis frá Finnlandi. Fyrri leikinn unnu þeir á heimavelli með sex mörkum eða 31:24. Þeir töpuðu seinni leiknum í Finnlandi með tveimur mörkum, 21:23, og fóru áfram á samanlögðu 52:47.

Leikir Selfoss og Pick Szeged fóru fram seinni partinn í janúar 1994. Fyrri leikurinn var í Szeged 22. janúar og sá síðari í Kaplakrika í Hafnarfirði laugardaginn 29. janúar. Viðureignirnar voru býsna skrautlegar svo ekki sé meira sagt. Selfyssingar fengu slæma útreið í Ungverjalandi og töpuðu með tólf

Selfyssinga '93 & '94



mörkum 30:18 þar sem rúmenskir dómamar léku stórt hlutverk. Dæmið snerist svo við í seinni leiknum þar sem Selfoss náði að vinna tólf marka mun upp, með smá hjálp holl-

enskra dómara, og sigraði 32:20. Það dugði þó ekki til því Ungverjarnir fóru áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli. Sannarlega grátlegt að einungis munaði einu marki að liðið kæmist í 4-liða úrslit. Þar hefðu mótherjararnir orðið stórlíðið Barcelona.

Fyrri leikurinn

Í DV er haft eftir forráðamönnum handknattleiksdeildar Selfoss að Ungverjarnir hafi verið mjög erfiðir í samningum, bæði varðandi leikinn úti og í Kaplakra, og ljóst að þeir lögðu mikið upp úr að ná sem hagstæðustum úrslitum á heimavelli áður en lagt var af stað til Íslands í seinni leikinn.

„Framkoma forráðamanna ungverska liðsins var ótrúleg. Við urðum til að mynda að bíða í þrjú klukkutíma eftir rútu eftir að við lentum í Búdapest. Þeir beittu öllum brögðum til að setja okkur út af laginu,“ sagði Snorri Sigurfinnsson, formaður handknattleiksdeildar Selfoss, í samtali við DV. Sigurður Sveinsson hélt dagbók um ferðina sem birtist í Morgunblaðinu eftir að heim var komið. Þar kom m.a. fram að liðið fékk ekki að æfa eða fara yfir leikkerfi sín í friði fyrir leikinn. Eins þurfti liðið að ganga í kortér frá hótelinu í íþróttahúsið á æfinguna. Sama var uppi á teningnum á leikdag en þá sögðu Selfyssingar nei og fengu rútu. Siggi lýsir höllinni með eftirfarandi orðum: „Höllin var frekar lítil, þröng og lágt til lofts, en rúmaði þó 2.500 manns. Löngu var uppselt á leikinn. Við gerðum okkur strax grein fyrir að þetta var ljóna-

gryfja af bestu gerð og erfitt yrði að koma skilaboðum inn á leikvöllinn.“ Hann heldur áfram: „Þegar við gengum inn á völlinn fundum við vel hverju við áttum von á – það sást varla á gólfið fyrir pappírskóti, hávaðinn var mikill og allir með trefla í gulum litum heimaliðsins. Og við gátum ekki heyrt betur en allir væru að hrópa í einum kór: Fuck you Selfoss!“

Leikurinn var í einu orði sagt skrautlegur. Dómaramir sem komu frá Rúmeníu voru á bandi heimamanna og létu Ungverjana komast upp með alls konar ruddaskap og barsmíðar. Sem dæmi þá visuðu þeir Selfyssingum átta sinnum út af en Ungverjunum aðeins einu sinni.

„Þegar leikurinn var að renna út, réðust fjórir leikmenn á Sigurjón Bjarnason, lömdu og spörkuðu í hann. Þá var Grími Hergesirsyni kastað í gólfið. Sigurjón fór í lækni skoðun í dag, en hann var illa marinn á hné og hálsi. Oliver Pálmason var aumur í kjálka eftir kjaftshögg,“ sagði Einar þjálfari í Morgunblaðinu.

Ungverjarnir tóku Sigurð Sveinsson úr umferð þannig að Selfyssingar áttu erfitt með að ná upp tempói í leiknum. Heimamenn náðu því fljótt forystunni og voru átta mörkum yfir í hálfleik 17:9. Selfyssingar byrjuðu seinni hálfleikinn nokkuð vel og náðu að minnka muninn niður í fimm mörk 22:17 á fyrsta kortérinu. Um miðjan síðari hálfleik hrundi leikur Selfoss og Ungverjarnir gengu á lagið. Þegar upp var staðið munaði tólf mörkum 30:18. Mörk Selfoss í leiknum skor-

Flott í íþróttajólapakkan



JAKO æfingafatnaður fyrir handboltann fæst í Sportbæ
Einnig alhliða íþróttafatnaður og útvistarfatnaður á alla fjölskylduna. Tilvalið í jólapakkann.



uðu Sigurður 6, Jón Þórir 4, Gústaf 4, Grímur 2, Sigurjón 1 og Einar Gunnar 1.

Stórar fyrirspurnir voru í blöðunum eftir leikinn. Í DV sagði Einar Þjálfari: „Þetta er það versta sem ég hef upplifað á mínum ferli.“ Hann bætti við: „Ég vona bara að íslenskir handboltaáhugamenn hjálpi okkur um næstu helgi að borga fyrir okkur. Ungverska liðið kemur með 100 stuðningsmenn með sér og það er ekkert venjulegt lið.“ Í Morgunblaðinu var haft eftir honum: „Strákarnir eru reiðir og sárir.“ Miðað við umfjöllun um leikinn hér heima var ljóst að Ungverjarnir áttu ekki von á góðu í síðari leiknum.

Síðari leikurinn

Selfyssingar ákváðu að spila heimaleikinn í Kaplakrika í Hafnarfirði til að fá fleiri áhorfendur. Í DV stóð að Selfyssingar þyrftu á kraftaverki að halda, en með dyggum stuðningi og góðum leik væri allt hægt. Hálfstíðu auglýsing birtist í DV með fyrirspurninni: „Nú skal ófaranna hefnt!“ Neðar í auglýsingunni er athyglisverð setning: „Konur: Sigurður Sveinsson mun hlaupa hring um gólfíð fyrir leik!“ Ósagt skal látið hvort þessi setning hefur haft áhrif, en uppselt var á leikinn og um 2.000 manns sem mættu.

Leikurinn fór ekki vel af stað fyrir Selfoss og eftir fimm mínútur voru Ungverjarnir komnir í 0:3. Selfyssingar náðu þó að jafna leikinn um miðjan hálfleikinn og voru 15:11 yfir þegar flautað var til hálfleiks. Í síðari hálfleik kviknaði heldur betur von í brjóstum leikmanna og stuðningsmanna Selfoss því eftir tíu mínútur var munurinn kominn upp í 10 mörk, 23:13. Eftir það hægði heldur á leikmönnum Selfoss enda mikil orka sem hafði farið í að ná upp þessu forskoti. Það nýttu Ungverjarnir sér og náðu að laga stöðuna. Síðustu fimm mínúturnar var allt sett í botn til að reyna að ná upp 13 marka mun. Þrátt fyrir hetjulega baráttu tókst það ekki og óhætt að segja að Ungverjarnir hafi sloppið með skrekkin 32:20. Samanlögð markatala úr báðum leikjum var jöfn, 50:50, en Pick Szeged fór áfram á fleiri mörkum skorðum á útvelli. Sannarlega grátlegt.

Í DV segir um frammistöðu leikmanna Selfoss: „Selfyssingar eiga hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu. Varnarleikurinn var mjög góður og markvarsla Gísla Felix Bjarnasonar frábær. Í sókninni var Sigurður Sveinsson að



vanda mjög góður og lék hann ungversku leikmennina oft mjög grátt. Grímur Hergeirsson lék án efa sinn besta leik og þeir Sigurjón Bjarnason og Jón Þórir Jónsson voru allir mjög drjúgir.“

Mörk Selfoss skorðu: Sigurður Sveins 7, Grímur Hergeirs 6, Einar Gunnar 5, Gústaf 5, Jón Þórir 4, Sigurjón 3, Einar Guðmunds 1 og Oliver 1.

Eftir leikinn sagði Þjálfari Ungverjanna: „Dómararnir voru okkur mjög óhagstæðir. Þeir ráku okkur hvað eftir annað út af, dæmdu á okkur sóknarbot og þeir virtust ætla að hjálpa Selfoss áfram. Það var áfall að missa einn okkar bestu manna meiddan af leikvelli og það veikti liðið mikið og gerði okkur erfitt fyrir. Annars lékum við illa og Selfoss vel en ég var samt aldrei verulega hræddur um að við féllum út úr keppninni. Mér fannst Sigurður Sveinsson besti maður vallarins og markvörðurinn var mjög góður.“

Í 4-liða úrslitum mætti Pick Szeged stórlíði Barcelona. Börsungar unnu báða leikina, útleikinn 22:24 og heimaleikinn 19:14 og því samanlagt 43:36. Barcelona vann svo franska liðið OM Vitrolles samanlagt 37:46 í úrslitunum.

að hann væri að mótmæla dómum þeirra, sýndu honum gult spjald í fyrri hálfleik og rautt í upphafi seinni hálfleiksins.“

„Það má segja að við höfum leikið gegn níu mönnum, þar sem búlgörsku dómarnir voru vægast sagt skrautlegir og á bandi heimamanna. Það gerði þó ekki gæfumuninn, því leikur okkar var slakur... Mótherjar okkar eru ekki sterkir og með eðlilegum leik eigum við að leggja þá örugglega að velli...“, sagði Snorri Sigurfinnsson, formaður deildarinnar.

Slóvenarnir komust mest í 19:11 í síðari hálfleik. Selfyssingar náðu þó að klóra í bakkann og minnka muninn niður í fimm mörk, 19:24, áður en yfir lauk.

Sigurjón skoraði 7 mörk, Björgvin Rúnars 5, Einar Gunnar 2, Nenad Ratsavljevic 2, Grímur 2 og Einar Guðmunds 1. Hallgrímur varði 11 skot og Ólafur Einarsson 4.

Í síðari leiknum var allt annað að sjá til Selfossliðsins. Reyndar voru menn nokkuð „seinir í gang“ eins og segir í DV því þeir skorðu fyrsta markið ekki fyrr en á tólfstu mínútu. Þá hafði Gorenje skorað fimm mörk. Slóvenarnir voru yfir í hálfleik 10:6. Í síðari hálfleik komst vörnin í gang og Hallgrímur varði vel í markinu. Leikurinn var mjög harður og voru Selfyssingar t.d. 12 mínútur utan vallar. Rétt fyrir leikslok var staðan 15:15 en Slóvenarnir náðu að skora sigurmarkið alveg í blálokinn. Lokastaða því 15:16 fyrr Gorenje og því Selfoss úr leik, samanlagt 34:40. Mörk Selfoss skorðu Einar Gunnar 4, Grímur 4, Björgvin 2, Sigurjón 1, Hjörtur Pétursson 1, Sigurður Þórðarson og Nenad Ratsavljevic 1.

„Það var erfitt fyrir okkur að leika með áhorfendur og dómara á móti okkur, en við fengum góðan stuðning frá átta Íslendingum sem komu frá Zagreb í Króatíu að sjá leikinn“, sagði Snorri Sigurfinnsson aðalfarastjóri Selfyssinga í Morgunblaðinu.

Í 16-liða úrslitum komst Gorenje Velneje áfram eftir að hafa slegið út Tatran Presov frá Slóvakíu. Í 8-liða úrslitum slógu þeir H.C. Prato frá Ítalíu út en töpuðu fyrir Polyot Cheljabinsk frá Rússlandi í 4-liða úrslitum. Sigurvegarar í Evrópukeppni bikarhafa þetta árið urðu Granollers frá Spáni en þeir lögðu Rússana samanlagt 45:49.

Örn Guðnason tók saman.

Einar Guðmundsson og Grímur Hergeirsson spiluðu alla 8 Evrópukeppi Selfoss 1993 og 1994:

Allt reynt til að slá okkur út af laginu

Þetta voru oft löng og ströng ferðalög. Við fórum m.a. til Umaq í Króatíu þegar stríðið í gömlu Júgóslavíu var enn í gangi. Umaq er við ítölsku landamærin og því var talið óhætt að spila þarna þrátt fyrir að stríðið væri í gangi nokkur hundruð kílómetra frá.

Króatarnir voru okkur þakklátir fyrir að mæta og voru mjög gestrisnir. Grískt félag sem þeir slóu út í umferðinni á undan hafði neitað að spila í landinu vegna stríðsátakanna. Íslensku sveitammennirnir töldu ekkert að óttast.

Sömu sögu var ekki að segja af Pick Szeged frá Ungverjalandi sem við mættum í næstu umferð. Þeir voru allt annað en gestrisnir, buðu upp á lélegt hótél, maturinn var ekki góður og allt reynt til að slá okkur út af laginu. Þeir horfðu á æfinguna okkar og neituðu að fara út þrátt fyrir að vera beðnir um það. Allir gluggar voru opnir í klefanum þegar við komum þangað inn og iskalt þar inni. Klefnn var undir



stúkunn þar sem háværustu áhorfendurnir voru og það heyrðist varla mannsins mál þar inni. Í leiknum sjálfum var mikil heimadómgæsla og við töpuðum með 12 mörkum en unnum síðan með 12 mörkum í Kaplakrika. Við fengum ekki að spila á Selfossi þar sem húsið var ólöglegt.

Sveið í augun og sá vart á milli marka

Þetta voru skemmtilegar ferðir sem við fórum í á þessum tíma til að spila Evrópukeppina. Í Króatíu var mikil stemning í höllinni á leiknum gegn Umaq og áhorfendur vel með á nótunum. Það var mikið drukkið af bjór í stúkunn og nánast hver einasti kjaftur í húsinu reykti sígarettur af miklum móð. Þegar leið á leikinn var orðinn svo mikill sígarettureykur í húsinu að manni sveið í augun og vart sá á milli markanna á vellinum. Eftir leikinn fréttum við að kunningi okkar sem var með í för og var á leiknum hafði ætlað að kaupa sér kóflösku í sjoppunni í hálfleik en þar var honum sagt að eini fánlegi drykkurinn í sjoppunni væri bjór!

Í síðustu ferðinni sem var til Slóveníu lékum við tvo leiki ytra gegn Gorenje Velenje. Við lentum í miklum vandræðum á heimleiðinni þegar við millilentum í Frankfurt í Þýskalandi. Þjálfarinn okkar, Jezdimir Stankovic, sem var serbneskur, var handtekinn af þýsku lögreglunni og settur í



stofufangelsi á flugvellinum. Ástæðan var sú að allir með serbneskt vegabréf voru í einhverskonar farbanni í Þýskalandi vegna stríðsátakanna á Balkanskaganum. David Vokes, sem var liðsstjóri okkar, náði með einhverjum ótrúlegum hætti að tala Þjóðverjana til þannig að á síðustu stundu náðum við að komast frá Þýskalandi til Íslands með þjálfarann með okkur.



Blikkmenn

S: 482 - 1775
blikkmenn@simnet.is

FAGMENN AÐ VERKI

**ÁFRAM
SELFOSS**

Handboltakveðja,
Björgvin og stelpurnar

**ØSTERBY
HÁR**

Austurvegur 33, Selfossi // S. 482 1455 // har@osterby.is

PYLSU VAGNINN
SELFOSSI

**Jólatilboðin
í fullum gangi**

*Kveðja
Stelpurnar í
Pylsuvaqnum*

Perla Ruth Albertsdóttir

Perla Ruth Albertsdóttir var fyrir skömmu valin í íslenska A-landsliðið og lék sinn fyrsta landsleik gegn Þýskalandi 25. nóvember sl. Í sömu ferð lék hún einnig gegn Slóveníu. Hún stóð sig vel í þessum leikjum, bæði í vörn og sókn, og skoraði 10 mörk. Þeim sem til þekkja kemur ekki á óvart að Perla Ruth skuli hafa verið valin í landsliðið enda hefur hún spilað frábærlega á línunni með Selfossliðinu, bæði í vetur og síðasta keppnistímabil. Það sem er athyglisvert er að Perla Ruth byrjaði að æfa handbolta fyrir fjórum árum.

Perla Ruth er frá bænum Eyjanesi í Hrútafirði og á tólf systkini. Af þeim eru níu alsystkini og er hún elst af þeim. Auk þess á hún þrjú hálf systkini sem eru eldri.

„Ég byrjaði í 3. flokki á Selfossi í lok árs 2013 og spilaði fyrstu 2-3 mánuðina með B-liðinu. Fyrsti leikurinn var í október eða nóvember minnir mig. Ég spilaði svo fyrsta meistara-flokksleikinn í febrúar/mars árið eftir, eða 2014. Það var s.s. um fimm mánuðum eftir að ég byrjaði að æfa handbolta. Núna er ég að spila mitt fimmta tímabil,“ segir Perla Ruth.

Hvernig kom það til að þú byrjaðir í handbolta?

„Ég eignaðist kærasta [Örn Prastarson] og fjölskylda hans er mikið í handbolta. Þau voru alltaf að djóka í mér að ég ætti að byrja að æfa handbolta. Þau náðu mér svo á æfingu einu og hálfu ári seinna. Síðan bara einhvern veginn gerðist þetta og ég byrjaði að æfa. Þetta var haustið 2013. Þá æfðu 3. flokkur og meistara-flokkur saman þannig að ég byrjaði bara strax að æfa með meistara-flokknum. Ég var þá strax með Hrafnhildi Hönnu sem sendingafélaga og hún dró mig áfram.“

Varst þú eitthvað í íþróttum áður en þú byrjaðir í handboltanum?

„Ég hef ekkert æft markvisst. Ég er úr sveit í Hrútafirði og var í grunnskóla á Hvamms-



„Það er einstök tilfinning að vera inni á vellinum með fulla stúku af Selfyssingum.“

tanga. Þar voru bara skólaíþróttir og síðan voru sömu kennarar með fótboltaæfingu, körfuboltaæfingu eða eitthvað annað eftir skóla. Þetta voru svona skólaíþróttir eins og gengur. Ég hafði líka prófað frjálstar en aldrei snert handbolta.“

Hvernig gekk þér til að byrja með í handboltanum á Selfossi?

„Mér gekk satt best að segja alveg ömurlega og fannst þetta bara hræðilegt. Í fyrsta 3. flokks leiknum þá þekkti ég Andra Má sem var að dæma. Hann var eitthvað að horfa á mig og ég hélt pottþétt að hann væri að hlægja að mér. Ég fór að hugsa: „Það er svo vandræðalegt að ég sé hérna. Ég skammast mín svo mikið. Ég er svo hræðilega léleg.“ Ég hljóp heim grátandi í hálfleik. Þetta var því mjög erfitt til að byrja með. Ég er þannig að ég verð að ná öllu, helst strax. Það hjálpaði mér að ég hafði mikið af þolinmóðu fólki í kringum mig.“

Hverjir hjálpuðu þér mest að taka fyrstu skrefin?

„Örn kærastinn minn fór með mig út í íþróttahús og kenndi mér að kasta. Hann setti mig t.d. með bolta fyrir framan vegg og sagði mér að kasta fimm tíu sinnum í vegginn. Svo náttúrulega Basti sem var þjálfarinn minn.“

Varstu strax sett í að spila á línunni?

„Það voru tveir aðrir línumenn sem voru að æfa þegar ég byrjaði. Ég var samt aðallega á línu en spilaði stundum hornið. Ég er því búin að spila mikið horn líka. Núna er ég samt mest á línunni. Þetta hefur svona verið að þróast. Ég hef alltaf verið að fá meira og stærra hlutverk. Ég byrjaði á því að koma inn á og fara svo útaf en fór svo yfir í að byrja alltaf í hægri horninu. Ég kom svo inn á línuna og leysti línumanninn [Tinnu Soffíu] af til að hún gæti pústað. Síðan fór ég að spila meira og meira og í hitteðfyrri var ég alltaf farin að spila 60 mínútur. Ég var samt eiginlega út um allt þ.e. þar sem var verið að pústa leikmenn. Ég spila línuna mest núna en það kemur fyrir að ég fer í hægri hornið.“

Hvenær varstu fyrst valin í landsliðshóp hjá HSÍ?

„Ég var valin í U-20 liðið 2015 og var í hópnum alveg frá hausti eða allt það tímabil. Síðan um haustið 2016 var ég kölluð inn á æfingar hjá A-landsliðinu. Ég er búin að vera í flestum hópnum síðan. Ef ég var ekki í aðalhöpi var ég í varahöpi. Svo fór ég með landsliðinu til Danmerkur. Fyrsti landsleikurinn minn var svo úti 25. nóvember sl. gegn Þýskalandi. Við spiluðum líka tvo leiki við Slóveníu í sömu ferð.“

Áttu þér einhverjar fyrirmyndir í handboltanum?

„Mér finnst rosalega gaman að horfa á Noru Mørk og Heidi Løke. Ég elska Heidi Løke. Hún er línumaður sem byrjaði frekar seint eða svona almennilega. Hún náði að koma sér inn í landsliðið. Hún er algjör baráttukarakter. Svo bara Guðjón Valur, en ég elska hann sem handboltamann. Ég fylgist mikið með þeim tveimur.“

Hefurðu sett þér einhver markmið?

„Ég ætla mér að festa mig í A-landsliðinu og fara út í atvinnumennsku þegar ég er tilbúin.“ Perla Ruth er að klára íþróttafraeði í Háskólanum á Laugarvatni. Hún stefnir á að útskrifast sem íþróttafraeðingur með BS í maí. „Ég þarf svo tvö ár í viðbót til að verða íþróttakennari.“

Hvernig finnt þér handboltinn á Selfossi?

„Selfoss er mikill handboltabær. Það er alveg geggjað að sjá hvað við fáum marga á leiki þegar stúkan er full. Það er einstök tilfinning að vera inni á vellinum með fulla stúku af Selfyssingum. Maður finnur líka alltaf að maður hefur stuðning úti í bæ. Hvort sem maður er í sundlauginni eða einhversstaðar úti í bæ þá er alltaf einhver sem sá leikinn og spjallar við mann. Þetta er bara ein stór handboltafjölskylda.“





ÓSKUM SUNNLENDINGUM
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS.
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU.
ÁFRAM SELFOS!

 **FISKBÚÐ
SUÐURLANDS**
SÍMI 482 2509

Full búð af nýjum vörum

Þú færð jólagjöfina hennar hjá okkur



DRANELLA
24 ICELAND



CLEOPATRA
Tiskuverslun

Miðgarður · Austurvegur 4 · Selfoss · S: 482 2144

Þú færð jólaklippinguna hjá okkur



Mikið úrval af gjafasettum
engar tímapantanir bara mæta
Verið velkomin

Rakarastofa
**Björns &
Kjartans**



Miðgarður · Austurvegur 4 · S: 482-2244

Munum
að slökkva
á kertunum

SIÓVÁ

Ávallt ferskir
HLÖLLA BÁTAR
Selfossi

*Bátar, hamborgarar,
vefjur, samlokur
og salöt*

*Minnum á okkar góðu
Partý-tapas
fyrir veislur
og partý*

BESTU ÓSKIR UM
GLEÐILEG JÓL OG
FARSÆLT KOMANDI ÁR.
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN
Á ÁRINU.

ÁFRAM SELFOSS!



Gagnheiði 37, 800 Selfossi



*Gledileg jól og
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.*

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Selfossi – Símar 699 1985 / 823 6656

Landsliðsfólk Selfoss

Selfoss hefur í gegnum tíðina átt öflugt handknattleiksfólk sem leikið hefur með karla- og kvennalandsliðum Íslands. Hér að neðan er samantekinn listi yfir þessa einstaklinga. Þar kemur fram hvaða stöðu þau léku, fjöldi landsleikja og skoruð mörk. Flest hafa þau

leikið með fleirri liðum en Selfoss. Er þá bæði átt við íslensk lið og erlend lið. Hjá strákunum eru þeir Gústaf Bjarnason og Þórir Ólafsson leikjahæstir, en Inga Fríða Tryggvadóttir og Auður Ágústa Hermannsdóttir eru leikjahæstar hjá stelpunum.

Nafn	Staða	Leikir	Mörk
Gústaf P. Bjarnason	Vinstra horn	144	335
Þórir Ólafsson	Hægra horn	112	277
Einar Gunnar Sigurðsson	Vinstri skytta	109	98
Inga Fríða Tryggvadóttir	Línumaður	60	141
Auður Ágústa Hermannsdóttir	Vinstri skytta	45	42
Bjarki Már Elísson	Vinstra horn	34	75
Hulda Bjarnadóttir	Línumaður	33	48
Sebastian Alexandersson	Markmaður	31	0
Hrafnhildur Hanna Prastardóttir	Skytta	22	47
Gísli Felix Bjarnason	Markmaður	19	0
Ómar Ingi Magnússon	Hægri skytta	17	49
Janus Daði Smáráson	Leikstjórnandi	16	24
Guðmundur Árni Ólafsson	Hægra horn	13	25
Árni Steinn Steinþórsson	Hægra horn	9	7
Valdimar Fannar Þórsson	Leikstjórnandi	6	0
Sigurjón Bjarnason	Vinstra horn	4	1
Perla Ruth Albertsdóttir	Línumaður	3	10
Krístún Steinþórsdóttir	Vinstri skytta	3	0
Elena Elísabet Birgisdóttir	Línumaður	2	0
Gísli Rúnar Guðmundsson	Markmaður	2	0

**NÝTT!
FRÍ HEIMSENDING
Á SELFOSSI**

Tommi's
Burger Joint

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Nýr Matseðill

KATTI KRUS

Jólamatseðill



Verð 10.900 kr.

Vinsamlegast athugið að jólaseðillinn er aðeins í boði fyrir allt borðið

Aspas og humar súpa

Reykt og grafin rauðspretta með
pickluðum sinnepsfræjum

Laufbrauð með tvíreyktu hangikjöti,
þeyttu skyrsmjöri og hangisnjó

Síldartartar á rúgbrauði með fennel og eplum

Reyktur grísahnakki með rauðkáli,
rauðvínssóðnum perlulauk og sykurbrúnaðri kartöflufroðu

Hunangs ristun andabringa með appelsinum, brúnkáli,
sítus salsa, skalottlauk og appelsínugljáa

Greni sorbet

Kanil creme brulee með piparkökuis

HOLLUR MATUR

I HAÐEGINU

Yellow